

Svæðisráð austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs

89. fundur haldinn í Egilsstaðaskóla

11. apríl 2018

Mættir: Ruth Magnúsdóttir, Björn Ármann Ólafsson, Steingrímur Karlsson, Þórhallur Þorsteinsson og Einar Kr. Haraldsson. Jóhann Þórhallsson boðaði forföll. Jafnframt sátu fundinn Agnes Brá Birgisdóttir þjóðgarðsvörður og Ragna Fanney Jóhannsdóttir aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

Dagskrá:

1. Úthlutun úr innviðasjóði – verkefni á austursvæði, uppbygging í Krepputungu
2. Hagræðingatillögur fjármálastjóra – lagt fram á síðasta fundi
3. Samstarf við Fljótisdalshrepp um landvörslu við Hengifoss
4. Rekstraráætlun austursvæðis 2018 – sumarstarfið
5. Atvinnustefna

Formaður setti fund þegar allir voru mættir um klukkan 16.30.

1. Úthlutun úr innviðasjóði – verkefni á austursvæði + 4. Rekstraráætlun austursvæðis 2018 – sumarstarfið

Formaður svæðisráðs greindi frá því að Vatnajökulsþjóðgarður hefði sótt um 120 milljónir til innviðasjóðs vegna landvörslu en fengið 78 milljónir. Við úthlutun hafði ráðuneytið skipt upphæðinni milli rekstrarsvæða. Umræða um hvort það teldust eðlileg vinnubrögð hjá ráðuneytinu þar sem það sé samkvæmt lögum hlutverk stjórnar þjóðgarðsins að deila fjármagni á milli svæða.

Agnes fór yfir stöðu í rekstrarmálum á austursvæðinu og útskýrði hvernig fjármagni verður varið í mannauðsmálum. Miðað við núverandi stöðu er hvorki fjármagn til þess að lengja opnunartímabil í Snæfellsstofu né til þess að ráða yfirlandvörð á hálendið í 4-6 mánuði.

Fulltrúi ferðapjónustuaðila (SK) benti á það væri erfitt fyrir ferðapjónustuaðila á svæðinu að geta ekki stólað á opnunartíma í Snæfellsstofu með lengri fyrirvara.

Svæðisráð fagnar úthlutun sem fékkst úr innviðasjóði í framkvæmdir á austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs. 15 milljónir í brú yfir Blöndu og 25 í aðstöðu í Krepputungu. Um leið lýsir svæðisráð áhyggjum sínum yfir slóðamálum og að ekki fáiast peningar í að halda þeim í lagi. Óásættanlegt er að vegum sé haldið lokað vegna þess að ekki fást peningar í viðhald. Svæðisráð ætlast til þess að vegum, sem eru partur af vegakerfi þjóðgarðsins samkvæmt stjórnunar og verndaráætlun, verði haldið opnum.

Varðandi uppbyggingu í Krepputungu þá liggur ekki endanlega fyrir hvar í tungunni byggja á upp þjónustukjarna. Nokkrir kostir eru í stöðunni. Svæðisráð telur að gera þurfi faglegt mat á staðsetningu þjónustuaðstöðu í tungunni. Svæðisráð telur að best sé að fá utanaðkomandi aðila til þess að koma með faglegt álit. Ákvörðun tekin um að fresta þessari umræðu.

2. Hagræðingatillögur fjármálastjóra – lagt fram á síðasta fundi.

Svæðisráð leggur áherslu á að áframhald verði á samstarfi við Fljótsdalshrepp um landvörslu við Hengifoss á meðan verkefnið stendur undir sér kostnaðarlega og verkefnið eykur sértekjur svæðisins.

Á austursvæði eru dreifðar starfsstöðvar og lítið hægt að gera til þess að spara í bílakostnaði.

Varðandi skerðingu á viðveru landvarða eftir kl. 19 á kvöldin þá sér svæðisráð ekki að það sé raunhæft að hafa einn aðila í miðlægri símsvörun fyrir allan þjóðgarðinn vegna sérstöðu landvörslu á hálendi. M.a. vegna þess að staðkunnátta er mikilvæg í upplýsingagjöf sem þessari. Svæðisráð bendir á að minni viðverða landvarða þýði minni náttúruvernd, meiri utanvegaaksturs og minni öryggisgæsla.

3. Samstarf við Fljótsdalshrepp um landvörslu við Hengifoss

Svæðisráð felur þjóðgarðsverði að ganga til samninga við Fljótsdalshrepp um landvörslu við Hengifoss. Svæðisráð sér ekkert nema jákvætt við samstarfið á meðan það skilar inn sértekjum og bitnar ekki á annari starfsemi á svæðinu.

5. Atvinnustefna þjóðgarðsins.

Formaður greindi frá því að á síðasti stjórnarfundum þjóðgarðsins hafi verið fjallað um drög að reglugerð sem rammur inn atvinnustefnu. Svæðisráð gerði athugasemdir við drög að reglugerðinni á 87.fundi. Drög að reglugerð eru að fara í kynningu. Gildistími er áætlaður frá hausti.

Umræður um atvinnustefnuna og að mögulega þurfi að taka hana upp enn einu sinni til kynningar.

Svæðisráð hvetur ráðuneyti til þess að hafa opna fundi fyrir hagsmunaaðila og kynna reglugerðardrögin svo hagsmunaaðilar séu betur upplýstir áður en þeir senda inn athugasemdir. Ef ráðuneytið sér sér ekki fært að halda opinn fund þá ætti svæðisráð hvers svæðis að halda fundi með hagsmunaaðilum á sínum svæðum.

Fulltrúar útivistarsamtaka (EKH) og náttúruverndarsamtaka (ÞÞ)bóka að víðara samráð þurfi að hafa um reglugerðina áður en hún er send til kynningar. Þeir leggja til að formlegu kynningarferli verði frestað þar til búið er að hafa samráð við hagsmunaaðila.

6. Stjórnunar- og verndaráætlun

Stjórnunar- og verndaráætlun er ekki að finna á samráðsgátt umhvefis og auðlindaráðuneytisins. Heldur er hún á síðu þjóðgarðsins. Fulltrúi útivistarsamtaka (EKH) bendir á að í nýjum drögum sé stjórnsýslulega er verið að flytja vald frá svæðisráðum til þjóðgarðsvarða og framkvæmdastjóra. Jafnframt bendir hann á að samkvæmt drögum séu eldvarnir á ábyrgð þjóðgarðsvarðar. Ríkið ætti frekar að bera þar ábyrgð, ekki þjóðgarðsvörður. Sama gildir um vinnuvernd. – ætti frekar að vera í vinnulýsingum.

Svæðisráð leggur til þess að umsagnarfrestur um Stjórnunar og verndaráætlun verði framlengdur þar sem skjalið hefur ekki verið nógu sýnilegt í umsagnarferlinu. Til að mynda er það ekki í samráðsgátt ráðuneytisins.

Fundi slitið kl. 19:00

Fundargerð ritaði Ragna Fanney Jóhannsdóttir